

# Framboð til kirkjuþings

Kynning á mér

Nafn: Benjamín Hrafn Böðvarsson  
Staða: Prestur í Austfjarðaprestakalli  
Heimili: Búsettur á Reyðarfirði  
Fjölskylda: Kvæntur Birnu Sif Morthens  
og á tvo syni: Daníel Elí og Mikael Trausta.  
Ekki má gleyma Mola, heimiliskettinum  
Áhugamál: Tónlist, guðfræði, stjórnsmál, nýsköpun í  
umhverfis- og mannréttindarmálum.



## Köllunin:

Eftir áralangt stefnuleysi, óvissu og erfiðleika í lífinu fann ég styrk í trúnni sem hafði umbreytandi áhrif á líf mitt. Ég lærði að sönn lífsgæði felast í þjónustu við annað fólk og að sú þjónusta sem Þjóðkirkjan veitir er sú þjónusta sem ég fann mig knúinn til þess að taka þátt í og efla.

## Mínar áherslur fyrir komandi kirkjuþing:

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa átt sér stað í Þjóðkirkjunni eftir að viðbótarsamningur við íslenska ríkið var undirritaður finns mér mikilvægt að:

- Ná tökum á fjárhagstöðu kirkjunnar og ná samstöðu um ákveðna leið.
- Hagræða án þess að skerða þjónustu kirkjunnar.
- Verja kjör og réttindi starfsmanna kirkjunnar.
- Standa vörð um þjónustu á landsbyggðinni.
- Sjá til þess að vanda vel til verka og forðast léleg vinnubrögð.
- Þrýsta á að kirkjan endurheimti að fullu sóknargjöldin sem ríkið hefur hingað til tekið til sín.

## Almennar áherslur mínar eru:

- Að efla hina þrjúþættu þjónustu kirkjunnar, að biðja, boða og þjóna.
- Áhersla á vönduð vinnubrögð og að mál fái málefnalega og gagnsæja umfjöllun.
- Standa vörð um mannréttindi, jafnrétti og jafnræði.
- Beita mér fyrir því að Þjóðkirkjan sýni frumkvæði í umhverfismálum og verði leiðandi í þeirri nauðsynlegu þróun sem þarf að eiga sér stað í heiminum í ljósi loftslagsbreytinga.
- Efla skilvirkni og hagkvæmni í stjórnsýslu kirkjunnar, m.a. með því að notast í meiri mæli við tæknibúnað og rafrænar lausnir við afgreiðslu mála kirkjuþings.